



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1085*

*komudagur 19.2.2003*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál, EES-reglur.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Frumvarpið mun, verði það að lögum, leysa af hólmi núgildandi lög um verðbréfasjóði.

Í frumvarpinu er á fáeinum stöðum vikið að góðum viðskiptaháttum og venjum, t.d. í 19. gr., þar sem kveðið er á um að rekstrarfélag skuli starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Hvergi í frumvarpinu er hins vegar vikið að „trúverðugleika í auglýsingum og upplýsingum“ til væntanlegra viðskipamanna á meðal almennings.

Alþýðusambandið bendir á nauðsyn þess að almenningur sé réttilega upplýstur um þær áhættur sem felast í fjárfestingum í verðbréfum og ekki síður um þann kostnað sem slíku fylgir.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um neytendakaup, 556. mál.

Virðingarfyllst,

Ingvar Svverrisson, hdl.

lögfræðideild ASÍ